



trúnaðarmál. Síðustu árin hafa verið gerðar auknar og hertar kröfur um að upplýsingarnar væru í samræmdu formi og úrvinnsla upplýsinganna væri vandaðri en áður var.

Til að verða við þessum óskum sexmannanefndar hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins fengið löggiltan endurskoðanda, Guðjón Eyjólfsson, til aðstoðar við gerð samræmds reikningsforms í þessu efni sem sent hefur verið til allra aðila sem fengið hafa sláturleyfi hverju sinni og þess óskað að þeir geri allir reikninga sína upp eftir því reikningsformi og skili uppgjöri að loknu reikningsári til Framleiðsluráðs. Sýnishorn af sundurliðun kostnaðarins í formi þessu fylgir, svo og leiðbeiningar um færslu þess. Misjafnlega hefur gengið að fá skil á reikningum. Aðeins eitt ár hefur tekist að fá einhver skil frá öllum sláturleyfishöfum. Þeir reikningar voru ekki hjá öllum færðir eftir þessu samræmda formi og því ekki unnt að ná samræmdri niðurstöðu úr þeim.

Fyrir verðlags- og söluárið 1982—1983 var Guðjón Eyjólfsson endurskoðandi fenginn til að heimsækja 11 stærstu aðilana sem slátruðu fé haustið 1982 og leiðbeina þeim um að loka reikningsuppgjöri þess árs í fullu samræmi við þetta form. Ekki fengust viðhlítandi reikningar nema frá níu aðilum af þessum ellefu. Greinargerð um þessa úrvinnslu hans fylgir hér með, svo og sundurgreining kostnaðarþáttanna eins og hún varð að meðaltali hjá þessum aðilum. Greinargerð þessi var birt í Árbók landbúnaðarins 1984 á bls. 90—97.

Slátur og heildsölukostnaður þetta söluár var ákveðinn við haustverðlagningu 15,78 kr. á kg kjöts og 12,28 á kg gæra en á kjötið var ákveðin viðbót 1. mars 1983 1,72 kr. á kg sem gerir meðalkostnað á kg kjöts um 16,60 kr.

Reikningar hvers aðila verða ekki látnir af hendi þar sem þeir eru fengnir í trausti þess að þeim sé ekki flíkað við óviðkomandi aðila.

Á sama hátt og að framan greinir var Guðjón fenginn til að gera upp reikninga frá 16 sláturleyfishöfum fyrir verðlags- og söluárið 1983—1984. Greinargerð hans um þetta uppgjör fylgir hér með svo og meðaltalskostnaður með þeirri sundurgreiningu sem í reikningnum var. Niðurstaða þessa uppgjors var lögð fyrir fimmmannanefnd í haust og framreiknuð með verðbreytingarstuðlum frá Þjóðhagsstofnun. Nefndin notaði þessi gögn við ákvörðun þessara kostnaðarþátta við verðlagningu í haust. Framleiðsluráð hefur áætlað skiptingu slátur- og heildsölukostnaðar eins og hann var ákveðinn í haust (56 kr.) í hlutfalli við niðurstöðu af þeim framreikningi.

Fyrirspurnin er um sum atriði óljós.

Sundurgreining kostnaðarins eins og gert er ráð fyrir í fyrirspurninni er ekki til og verður ekki gerð skv. þessu uppgjöri. T.d. er ekkert í uppgjörinu sem kallast „umboðs- og sölulaun“ og ekkert sem kallast „pökkun og umbúðir“. Það eru aðeins „umbúðir“ sem er nánast ekkert annað en plast og grisjupokar utan um kjötið, áður en það fer í frystingu, og kassar eða öskjur fyrir slátur sem fryst er. Pökkun kjöts fyrir smásöluverslanir hefur alls ekki verið með í þessum kostnaði. Rétt er líka að leggja áherslu á að sexmannanefnd ákvað að allur kostnaður sláturafurða skyldi lagður á kjötið en ekkert á slátur né gærur tvö s.l. ár, 1983 og 1984.

Ekki er búið að gera upp slátrun og sölu afurða fyrir verðlagsárið 1984—1985 enda sölunni ekki að fullu lokið enn þá. Hins vegar hefur fimmmannanefnd, og einnig Landssamtök sláturleyfishafa, óskað eftir að hliðstætt uppgjör fari fram vegna þess verðlagsárs eins og tvö þau síðustu og er í ráði að Guðjón Eyjólfsson vinni það verk. En alllangur tími hlýtur að líða uns þeir reikningar verða tilbúnir.

#### **Vaxta- og geymslugjald.**

Vaxtagjaldinu er ætlað að mæta kostnaði af afurðalánum vegna allra sláturafurða og innlánsvöxtum af ógreiddum eftirstöðvum afurðaverðs til framleiðenda. En geymslugjaldinu er ætlað að standa undir rekstri kjöfrystihúsa frá lokum sláturtíðar til loka söluárs. Þessir kostnaðarþættir hafa verið metnir og ákveðnir af sexmannanefnd og eru greiddir á birgðir í hverjum mánuði skv. staðfestum afstemmdum birgðaskýrslum.

Þessi kostnaður var ákveðinn sem hér segir verðlagsárið 1982—1983:

	Vaxtagjald (kr.)	Geymslugjald (kr.)
Nóvember 1982 .....	1,92 á kg	0,34 á kg
Desember 1982 .....	2,10 á kg	0,38 á kg
Janúar 1983 .....	2,25 á kg	0,38 á kg
Febrúar 1983 .....	2,25 á kg	0,38 á kg
Mars — Sept. 1983 .....	2,65 á kg	0,45 á kg

alla mánuðina óbreytt til loka sölutíma.

Í upphafi þessa söluárs voru afurðalánvextir Seðlabanka Íslands 39% á ári. Vextir viðskiptabankalána og af eftirstöðvum til bænda voru þá 40% á ári. Þeir hækkuðu í lok desember og oftár á söluárinu þó sexmannanefnd tæki eingöngu tillit til í sínum ákvörðunum hækkanu vaxta 1. janúar og 1. mars. Verð kjötsins hækkaði einnig mikið 1. des., 1 mars og 1. júní án þess að vaxtagjaldi væri breytt af þeirri ástæðu.

Á þessum þáttum í rekstrarreikningum sláturleyfishafanna kom fram stórfelldur halli í uppgjöri verðlagsársins svo sem sjá má á úttekt Guðjóns Eyjólfssonar.

Árið 1983—1984 voru þessir þættir metnir og ákveðnir af sexmannanefnd sem hér segir:

	Vaxtagjald (kr.)	Geymslugjald (kr.)
Nóvember 1983 .....	3,30 á kg	í vaxta og geymslugjald
Desember 1983 .....	3,30 á kg	
Janúar 1984 .....	2,40 á kg	0,54 á kg
Febrúar 1984 .....	1,80 á kg	0,54 á kg
Mars 1984 .....	1,88 á kg	0,56 á kg
Apríl — maí 1984 .....	1,88 á kg	0,56 á kg
Júní — sept. 1984 .....	2,20 á kg	0,58 á kg

Á þessu ári lækkuðu vextir nokkrum sinnum og tók sexmannanefndin tillit til þess í ákvörðunum sínum.

Í uppgjöri Guðjóns Eyjólfssonar fyrir 16 aðila þetta verðlagsár kemur fram halli á vaxtareikningi (sjá lið 20 og 21 og lið 23) og er hallinn 4,14 kr. á kg kjöts að meðaltali.

Fyrir verðlagsárið 1984—1985 var þessi kostnaður metinn og ákveðinn af sexmannanefnd sem hér segir:

	Vaxtagjald og geymslugjald á mánuði kr./kg		
Sept./okt. 1984	0		0
Nóv. 1984	2,70 + 64		3,34
Des. 1984	3,08 + 64		3,72
Jan. 1985	4,43 + 64		5,07
Febr. 1985	4,43 + 64		5,07
Mars 1985	4,68 + 64		5,32
Apríl 1985	4,68 + 64		5,32
Maí 1985	4,68 + 64		5,32
Júní 1985	4,68 + 64		5,06
Júlí 1985	4,34 + 72		5,06
Ágúst 1985	4,34 + 72		5,06
Sept. 1985	4,34 + 72		5,06
Okt. 1985	4,34 + 72		5,06

Eins og áður hefur verið sagt er uppgjöri fyrir þetta ár ekki nærri lokið.

Augljóst er þó að á þessum þáttum verður verulegur halli. Vextir hafa hækkað án þess að tillit hafi verið tekið til þess í verðlagningu og geymslutími hefur orðið lengri (sala hægari) en búist var við og það veldur auknum kostnaði.

## Fylgiskjal I.

Framleiðsluráð landbúnaðarins.

### **Sundurgreining slátrunar- og heildsölu­kostnaður. Sundurgreining kostnaðarins byggist á upplýsingum sláturleyfishafa vegna framleiðsluársins 1983—1984.**

Upplýsingar bárust frá 16 sláturleyfishöfum sem höfðu til meðferðar um 68% af sauðfjárslátruninni, þ.e. 8 810 079 kg kjöts.

Kostnaðarliðir	kr. á kg	
1. Laun alls	8,81	
2. Launatengd gjöld	0,90	
3. Fæðis- og ferðakostnaður	1,30	
4. Vinnufatnaður og þvottur	0,28	
5. Alls kjötskoðun og stimplun	0,31	
6. Kostnaður vegna dysjunar og úrgangs	0,26	
7. Salt í gærur	0,83	
8. Umbúðir	1,40	
9. Aðrar rekstrarvörur	0,46	
10. Rafmagn, vatn og hiti	1,26	
11. Alls viðhald, véla og tækja	1,51	
12. Fasteignagjöld	0,61	
13. Tryggingar	0,45	
14. Afskriftir	2,32	
15. Frystingar- og geymslukostnaður	3,60	
16. Flutningur — flutningsjöfnun	1,26	
17. Bókfærslu- og heildsölu­kostnaður	7,89	
18. Rýrnun	0,97	
19. Verðjöfnunargjald	1,67	
	<hr/>	36,09
20. Afurðalánavextir	13,72	
21. Vextir til framleiðenda	3,67	
	<hr/>	17,39
22. Vextir af fjárfestingum	1,41	
23. Endurgreitt vaxtagjald	(13,25)	
	<hr/>	
Kostnaður alls	41,64	

Ákvörðun sexmannanefndar um slátrunar- og heildsölu­kostnað var jan.—okt. 1983 30,55 kr. á kg og 33,00 kr. á kg jan.—júlí 1984. Meðaltalstekjur voru því 31,38 á verðlagsárinu 1983/1984. Slátrunar- og heildsölu­kostnaði var nú einvörðungu deilt út á kjöt.

**Fylgiskjal II.**

Framleiðsluráð landbúnaðarins

**Áætluð sundurgreining:  
Slátrunar- og heildsöluþkostnaður 1. okt. 1985.**

	kr.	kr.
Laun alls .....	12,90	
Launatengd gjöld .....	1,30	
Fæðis- og ferðakostnaður .....	1,90	
Vinnufatnaður og þvottur .....	0,40	
Alls kjötskoðun og stimplun .....	0,45	
Kostnaður vegna dysjunar og úrgangs .....	0,40	
Salt í gærur .....	1,25	
Alls umbúðir .....	2,05	
Aðrar rekstrarvörur .....	0,65	
Rafmagn, vatn og hiti .....	1,85	
	<hr/>	23,15
Alls viðhald, véla og tækja .....	2,25	
Fasteignagjöld o.fl. ....	0,90	
Alls tryggingar .....	0,65	
Afskriftir .....	3,40	
	<hr/>	7,20
Alls frysting og geymsla .....	5,30	
	<hr/>	5,30
Flutningur — flutningsjöfnun .....	1,85	
Stjórnunar- og heildsöluþkostnaður .....	11,60	
Rýrnun .....	1,45	
	<hr/>	14,90
Verðjöfnunargjald .....	2,45	2,45
Vextir og verðbætur .....	3,00	3,00
	<hr/>	<hr/>
	56,00	56,00
	<hr/>	<hr/>

(Gert á ábyrgð Framleiðsluráðs að skipta tölunni, G.G.)

### Fylgiskjal III.

**Uppgjör á afurðaverði hjá sláturleyfishöfum fyrir  
verðlagsárið 1982/1983.  
(Árbók landbúnaðarins 1984.)**

Í desembermánuði 1983 varð ljóst að sláturleyfishafar áttu í miklum erfiðleikum með að skila bændum fullu verði í lokauppgjóri vegna verðlagsársins 1982/1983. Það virtist vanta mikið á að það fé, sem þeir réðu yfir, dygði til að unnt væri að greiða bændum meðalverð kjöts verðlagsársins og haustverð frá 1982 fyrir gærur og slátur, svo og vexti af ógreiddum eftirstöðvum.

Sláturleyfishafar beindu kvörtunum sínum til Framleiðsluráðs og töldu þeir að slátur- og heildsöluþjónustukostnaður kjötsins hefði verið ákveðinn alltof

lágur þetta ár og að vaxta- og geymslugjaldið hefði einnig verið of lágt. Jafnframt töldu þeir að tekjur fyrir sölu kjötsins hefðu komið seint inn vegna lítils útflutnings á árinu og tregrar innanlandssölu. Þetta mál var rætt á tveimur fundum Framleiðsluráðs og tekin ákvörðun um að fá lög-giltan endurskoðanda til að yfirfara uppgjör frá ca. 12 sláturleyfisaðilum af mismunandi stærð. Hann skyldi kanna alla þætti uppgjörins og þar á meðal áhrif söluhraðans og vaxta-kostnaðarins á niðurstöður þess, og gera Framleiðsluráði grein fyrir álit

sínu á réttmæti þessara kvartana. Kæmi í ljós að full rök væru fyrir þeim yrði allt gert sem fært væri til að fá verðákvarðanir um þetta efni leiðréttar.

Til þessa verks var ráðinn Guðjón Eyjólfsson, löggiltur endurskoðandi hjá endurskoðunarskrifstofunni Stoð. Hann hóf verk sitt í janúarmánuði 1984.

Framleiðsluráð sendi þeim aðilum, sem valdir voru í þetta úrtak, bréf og form að þeim upplýsingum, sem óskað var eftir. Guðjón tók að sér að leiðbeina og aðstoða við frágang gagnanna og vinna úr þeim á samræmdan hátt. Hann fór til allra aðilanna til að ræða við viðkomandi um þetta og veita þeim leiðsögn.

Af 12 aðilum, sem valdir voru, skiludu 10 reikningum, en einn þeirra var svo ófullkominn að frágangi að hann varð ekki tekinn með í lokaskýrslu, þar sem ekki fékkst bætt úr ágöllum hans, þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni.

Í ljós kom að uppgjörsmáti sláturleyfishafa er mjög mismunandi og samræmdar reikningsvenjur ekki notaðar.

Flestir aðilanna eru, jafnframt sauðfjárslátrun, með annan rekstur og sláturhúsið er deild í stærri rekstrareiningu, oftast tengt verslun. Enginn aðilanna skilaði sérstökum efnahagsreikningi fyrir sláturhúsið. Ekki eru glögg skil í bókhaldi fyrirtækjanna á milli sjálfrar slátrunarinnar annars vegar og geymslu og heildsölu afurðanna hins vegar. Ekki voru heldur í bókhaldinu glögg skil á milli sláturtíða, það er að sláturtíðin 1981 og afurðasala þess árs væri glögglega að-

greind frá sláturtíð 1982 og afurðasölu þeirrar slátrunar.

Þá er í bókhaldinu oftast blandað saman kostnaði við slátrun og sölu afurða af sauðfé annars vegar og þess háttar kostnaði vegna stórgripaafurða hins vegar svo og rekstri frystihúss, sem notað er fyrir fleiri vörur. Kostnaðinum var sums staðar eingöngu deilt á kjötið, en annars staðar á allar afurðirnar en þó á mismunandi hátt.

Þá var ekki nema í sumum tilvikum haldinn sérstakur vaxtareikningur fyrir sláturfjárreikning innan fyrirtækis með margþættan rekstur. Reynt var eftir mætti að bæta úr þessum ágöllum til að fá samstæða mynd í niðurstöðu könnunarinnar.

Gerð var skýrsla um selt vörumagn á hverjum verðtíma og hvenær skil á afurðaverðinu komu til sláturleyfishafa. Söluhraðinn var nokkuð mismunandi. Hjá flestum aðilanna var meiri hluti kjötsins þó seldur eftir 1. júní eða greiddur eftir 1. júní 1984. Það hafði þau áhrif að geymslu- og vaxtakostnaður varð meiri en ætlað var, þegar Sexmannanefndin ákvað endurgreiðslu þess kostnaðar.

Guðjón gerði skýrslu um söluhraða kjötsins eftir verðtímabilum og sýndi hún hvaða tekjum salan átti að skila til sláturleyfishafanna skv. verðlagningu og hvaða hlutfall þær tekjur voru af heildsöluverði hvers verðtímabils.

Hér er sýnishorn af söluhraða og reiknuðum sölutekjum hjá tveimur aðilum með misjafnan söluhraða samkv. uppgjöri Guðjóns. (Sjá bls. 94.)

Vegna mikillar verðbólgu á verðlagsárinu lækkaði tekjuhlutfallið mjög, þar sem engin hækkun fékkst á þenn-

an kostnaðarhluta verðsins allt árið. Sá útreikningur sýnir mun í sölutekjum um nær 3% í hag þeim aðila sem hafði örari sölu. Reiknaðar sölutekjur þess aðila urðu 20,25% af öllum tekjum sláturfurðanna en 17,36% hjá hinum, sem hafði dræmari sölu og hlaut að selja verulegt magn kjötsins á útsölutímanum í september og október og bíða eftir verulegum hluta á greiðslu fyrir þá sölu til loka nóvember eða byrjun desembermánaðar.

Að meðaltali komu rúmlega 50% af andvirði kjöts af fé, slátruðu haustið 1982, til greiðslu eftir 1. júní 1983 og verulegur hluti þess kjöts, eða um 2600 tonn, voru seld á útsölnni í september og október. Á tímabilinu eftir 1. júní voru reiknuð sölulaun heilðsöluaðila aðeins rúmlega 15%. Það er afar lágt þegar líka er tekið tillit til að rýrnun er meiri á því kjöti sem geymt er lengi og getur numið allt að 2%, þó að ekkert af því verði ónýtt með öllu. Rýrnun er innifalín í reiknuðum sölulaunum.

Þegar af þessari ástæðu er augljóst að megin skýringar á slæmri útkomu í rekstraruppgjöri fjölmargra sláturleyfishafa er að leita í þessu atriði og líka í því að endurgreiðsla vaxta nægði ekki fyrir vaxtaútgjöldum. Þetta hvort tveggja kemur fram í töflum um þessi atriði, en þær eru prentaðar sér í Árbókinni.

Það sem að framan er sagt má draga saman í eftirfarandi: Niðurstaða úr þessum athugunum er sú að vegna örrar verðbólgu og mikilla kostnaðarhækkana hjá sláturleyfishöfum, hafi ákvarðanir Sexmannanefndar um slátur og heilðsölu kostnað við afurðasöl-

una, svo og ákvörðun hennar um endurgreiðslu vaxta, ekki dugað til að mæta kostnaði við geymslu og sölu afurðanna þetta verðlagsár. Stórir þættir í því efni eru:

1. Að sala kjöts gekk óvenju seint m. a. vegna óvenju lítils útflutnings. Geymslutíminn á kjötinu varð því með allra lengsta mótí.
2. Ekki fékkst hækkun á heilðsölu-kostnaði á söluárinu. Vextir fengust ekki fyrir 15 daga í októbermánuði og ekki fékkst nein hækkun á vaxtané geymslugjaldi 1. júní 1983, en þá hækkaði verð kjöts í heilðsölu um 18,73% og grundvallarverð til bænda um 22,5%.
3. Mestur halli er að jafnaði hjá þeim, sem urðu að geyma kjötið lengst eða fram í september og seldu miklið á útsöluverðinu.
4. Rýrnun birgðanna varð tiltölulega mest hjá þeim aðilum, sem geymdu kjötið lengst.

## 22.2.

Eftir að ljóst var orðið að almennt vantaði á að skil sláturleyfishafa væru viðunandi, ákvað Framleiðsluráð að kalla eftir reikningum frá þeim öllum um rekstur þeirra þetta verðlagsár og skýrslu um uppgjörið við bændur.

Send voru eyðublöð að reikningsformi ásamt fylgiskýrslum, sem þeir áttu að skila útfylltum. Þar átti að koma fram sundurliðun kostnaðarpáttanna við slátrun, frystingu, geymslu, flutning og heilðsölu afurðanna á einu blaði. Á öðru blaði átti að sýna söluhraða og hvenær tekjur fyrir afurðasölu hefðu komið í þeirra hendur. Á þriðja blaðinu átti að koma fram hve-

nær bændum hefði verið greitt og hve mikið í hverjum áfanga. Jafnframt var ætlast til að fram kæmi hvaða vexti þeir hefðu fengið af ógreiddum eftirstöðvum.

Nokkur dráttur varð á að fá reikningana frá ýmsum aðilum, en það var þó misjafnt. Einnig var frágangur þeirra mjög misjafn. Í ljós kom að rekstrarkostnaður var alls staðar meiri en svaraði til reiknaðra tekna samkv. ákvörðun Sexmannanefndar. Mestur var munurinn þar sem nýlega byggð sláturhús eða kjötfrystihús voru notuð. Nokkuð af þeim halla sem fram kom í þessu hjá 18–20 aðilum var færður á höfuðstólsreikning og geymdur til framtíðarinnar.

Þá var mjög breytilegt hvernig fyrirtækin höfðu greitt bændum og ekkert samræmi var í því. Upplýsingar um það efni voru alls ekki tæmandi né fullkomlega trúverðugar í ýmsum tilvikum. Enn verra var þó að festa hendur á vaxtagreiðslum til bænda af ógreiddum eftirstöðvum, m. a. vegna þess að sums staðar höfðu bókfærðir greiddir vextir verið bakfærðir síðar. Mikil vinna var lögð í að reyna að samræma úrvinnslu þessara reikninga.

Við samanburðinn var notað meðalgrundvallarverð kjöts á verðlagsárinu. Það hefði í eðlilegu ástandi átt að nást hjá sláturleyfishöfum að meðaltali. Hins vegar var aðeins reiknað með haustverði á gærum og slátri. Gærun voru yfirleitt seldar í nóvembermánuði og því vart unnt að gera ráð fyrir hækkun á haustverð þeirra. Slátur er mest selt á haustin, en það sem ekki er selt að haustinu tekur hækkun í samræmi við aðrar hækkunir. Erfið-

leikar hafa verið á að selja lifur á fullu verði og oft hefur á sumrin þurft að lækka verð á einhverjum hluta hausa. Þetta er þó misjafnt hjá hinum einstöku sláturleyfishöfum og er ekki jafnað út af Framleiðsluráði. Því þótti í þessum samanburði ekki rétt að reikna með öðru en haustverði á slátri.

Vextir af eftirstöðvunum voru reiknaðir 42%, en það voru innlánsvextir á almennum sparisjóðsbókum á þessu ári. Gert var ráð fyrir að þessi vaxtafótur gildi allt árið. Eftirstöðvar haustverðs voru vaxtareiknaðir frá 15. október. Verðhækkun 1. desember var vaxtafærð frá 15. janúar. Verðhækkun 1. mars var vaxtafærð 15. apríl og verðhækkun 1. júní var vaxtafærð frá 15. ágúst.

Að teknu tilliti til framangreindra frávika frá venjubundnum greiðslureglum kom í ljós að aðeins þrír eða fjórir aðilar náðu því að greiða fullt verð og fulla vexti samkv. framanrituðu en 41 eða 42 aðilar greiddu annað hvort skert verð og/eða skerta vexti. En hjá fáeinum var verðið sjálft nærri lægi að vera rétt en vexti vantaði til bændanna að mestu eða öllu leyti. Meðalvöntun á verð og vexti var rúmlega 9% af því fé, sem bændur áttu að fá fyrir þessar afurðir samkv. framanrituðum forsendum.

Því má bæta við að forsendurnar eru miðaðar við algjört lágmark þess, sem vænst var að verðlagningin gæti skilað bændum. En eins og fram kemur hér að framan eru gögnin, sem komu frá sláturleyfishöfum, alls ekki nægjanlega góð til þess að unnt sé að fullyrða að matið sé nákvæmlega rétt á greiðslum allra aðila til bænda.

## Söluýfirlit og útreikningur á reiknuðum kostnaði

### Sláturleyfishafi I

Haustslátrun 1982

Innborguð sala eftir verðlagningartímabilum	Gætur	Innmatur	Kjöt	Hlutfall sölu	Hlutfall sölukostn. kjöts	Reiknaður slátur- og heilids.kostn. í verðlagningu
15/9-30/11	739.004	287.973	1.279.895	2,13%	20,87%	kr. 267.114
1/12-28/2	2.129.577	23.345	5.778.681	9,60%	18,96%	— 1.095.638
1/3-31/5	0	193.497	12.011.936	19,95%	17,95%	— 2.156.143
1/6-31/12	710.690	2.525.912	41.143.384	68,32%	15,19%	— 6.249.680
Samtals kr.	3.579.271	3.030.727	60.213.896	100,00%		

Heildarsala 66.823.894 kr. . . . . . kr. 9.768.575  
 Gætur (125.155 kg). Reiknaður slátur- og heilidsölu-kostnaður á þær í verðlagningu er kr. 12,28 á kg . . . . . — 1.536.903

#### Innmatur

Reiknað er með að dilkaslátur gefi í sölulaun mismun á milli grundvallarverðs, kr. 47,88 og heilidsöluverðs kr. 53,10, þ. e. 9,83% af heilidsöluverði sláturs (kr. 3.030.721) . . . . . — 297.920  
 Reiknaður sölu-kostnaður alls . . . . . kr. 11.603.398

Reiknaðar sölutekjur sem hlutfall af brúttótekjum 17,36%.

## Söluýfirlit og útreikningur á reiknuðum kostnaði

### Sláturleyfishafi II

Haustslátrun 1982

Innborguð sala eftir verðlagningartímabilum	Gætur	Innmatur	Kjöt	Hlutfall sölu	Hlutfall sölukostn. kjöts	Reiknaður slátur- og heilids.kostn. í verðlagningu
15/9-30/11	884.973	264.580	3.797.507	34,60%	20,87%	kr. 792.540
1/12-28/2		147.455	3.718.356	33,88%	18,96%	— 705.000
1/3-31/5		187.829	2.073.585	18,90%	17,95%	— 372.209
1/6-31/12		122.791	1.384.524	12,62%	15,19%	— 210.309
Samtals kr.	884.973	722.655	10.973.972	100,00%		

Heildarsala 12.581.600 kr. . . . . . kr. 2.080.058  
 Gætur (32.301 kg). Reiknaður slátur- og heilidsölu-kostnaður á þær í verðlagningu er kr. 12,28 á kg . . . . . — 396.656

#### Innmatur

Reiknað er með að dilkaslátur gefi í sölulaun mismun á milli grundvallarverðs, kr. 47,88 og heilidsöluverðs kr. 53,10, þ. e. 9,83% af heilidsöluverði sláturs (kr. 722.655) . . . . . — 71.037  
 Reiknaðar sölutekjur alls . . . . . kr. 2.547.751

Reiknaðar sölutekjur sem hlutfall af brúttótekjum 20,25%.

TAFLA 41

## Yfirlit yfir skilaverð og vexti, haustslátrun 1982, hjá 11 sláturleyfishöfðum

	1.	Pr. kg	2.	Pr. kg	3	Pr. kg	4.	Pr. kg	5.	Pr. kg	6.	Pr. kg
<b>1. Vextir til bænda</b>												
Reikn. vextir skv. útreikningi FRL	7.356.652		5.904.109		2.869.032		1.159.511		6.790.440			633.012
Greiddir vextir	( 1.745.909)		( 6.519.663)		( 3.451.755)		( 1.562.670)		( 3.945.884)			0
Samtals	5.610.743	4,73	( 615.554)	(0,76)	( 582.723)	(1,09)	( 403.159)	(2,22)	2.844.556	0,48		633.012
Vextir af stöðu „Kjötreiknings“ eru reiknaðir	NEI		JÁ		NEI		JÁ		JÁ			JÁ
<b>2. Aturðaverð</b>												
Meðalgrundvallarverð til bænda skv. útreikningi FRL	75.309.578		50.905.364		34.747.883		11.584.814		84.025.418			46.857.427
Greiðsla til bænda	(74.590.123)		(47.594.604)		(31.816.690)		(11.566.587)		(77.109.000)			(43.513.683)
Samtals	719.455	0,61	3.320.760	4,11	2.931.193	5,51	18.227	0,10	6.916.418	5,21		3.343.744
Vöntun á greiðslum til bænda, liður 1. og 2.	6.330.198	5,34	2.705.206	3,35	2.348.470	4,42	( 384.932)	(2,12)	9.760.974	7,35		3.976.756
<b>3. Rekstrarreikningur</b>												
Rekstrarhalli eða hagnaður Vöntun sláturleyfishafa til að mæta greiðslum til bænda og kostnaði við slátrun og sölu	( 1.090.291)	(0,92)	0		1.132.292*	2,13	866.300	4,76	1.848.000	1,39		6.914.638*
Samtals	5.239.907	4,42	2.705.206	3,35	3.480.762	6,55	481.368	2,64	11.608.974	8,74		10.891.394
<b>1. Vextir til bænda</b>												
Reiknaðir vextir samkv. útreikningi FRL	799.824		5.797.557		23.280.384		5.496.245		5.496.245			6.378.658
Greiddir vextir	( 177.768)		( 5.064.460)		( 8.904.000)		( 4.844.144)					
Samtals	622.056	3,24	733.097	0,75	14.376.384	5,06	652.101	0,67				
Vextir af stöðu „Kjötreiknings“ eru reiknaðir			JÁ		NEI		JÁ		JÁ			
<b>2. Aturðaverð</b>												
Meðalgrundvallarverð til bænda skv. útreikningi FRL	12.079.900		61.983.182		182.633.300		62.675.124		62.675.124			61.065.876
Greiðsla til bænda	(12.026.589)		(56.846.123)		(166.121.000)		(60.791.221)					
Samtals	53.311	0,28	5.137.059	5,27	16.512.300	5,80	1.883.903	1,93	2.536.004	2,60		
Vöntun á greiðslum til bænda (liður 1 og 2)	675.367	3,52	5.870.156	4,52	30.888.684	10,86	2.536.004	2,60				
<b>3. Rekstrarreikningur</b>												
Rekstrarhalli eða hagnaður Vöntun sláturleyfishafa til að mæta greiðslum til bænda og kostnaði við slátrun og sölu	2.938.930	15,30	1.752.972	1,80	15.219.000	5,35	11.468.281	11,74				
Samtals	3.614.297	18,82	7.623.128	6,32	46.107.684	16,21	14.004.285	14,34				

bessi aðili skilaði ekki fullnægjandi upplýsingum.

\* Fært á rekstrarreikning 1983.

TAFLA 42

Slátur- og heildsölu- og heildarkostnaður 9 sláturleyfishafa 1982

	1.	2.	3.	4.	5.
	Pr. kg	Pr. kg	Pr. kg	Pr. kg	Pr. kg
Slátur: Kjöt	976.177	665.574	437.102	149.580	1.089.110
— Gærur	209.348	142.749	94.658	32.301	239.604
Samtals	1.185.525	808.323	531.760	181.881	1.328.714
Heildsölu- og sláturkostnaður					
Laun	5.113.112	3.978.199	2.575.916	985.549	5.448.252
— utan sláturtíðar	246.680	1.440.615	286.867	705.815	892.343
Fæðiskostnaður	858.295	281.483	196.188	82.469	691.005
Orka og vatn	210.923	208.300	363.741	237.557	904.658
Umbúðir	957.213	504.402	406.095	75.647	958.644
Aðrar rekstrarvörur	521.155	434.689	195.662	110.361	384.392
Kjötskoðun og stimplun	339.691	49.278	187.709	27.558	294.677
Flutningskostnaður	1.646.913	1.519.386	621.244	223.055	1.061.698
Flutningsjöfnun	( 739.548)	( 438.712)	( 0,54)		0,80
Frysing	4.151.551	4.565.160	1.380.602	202.530	3.780.000
Geymslugjald	(1.976.734)	(1.869.219)	( 687.411)	(179.787)	(1.530.529)
Viðhald og viðgerðir	753.922	115.239	279.275	101.621	986.422
Afskriftir	371.286	0,31	332.255	149.774	1.728.122
Skrifstofu- og heildsölu- og heildarkostnaður	1.868.951	1.615.838	893.025	425.460	2.317.545
Heildsölu- og heildarkostnaður SÍS	2.655.164	2.431.578	1.476.116	2,34	3.475.762
Tryggingar	143.837	209.803	138.566	8,074	302.184
Opinber gjöld	61.925	0,05	81.185	0,15	320.590
Önnur rekstrargjöld	257.396	0,22	18.586	0,03	
Verðjöfnunarsjóðsgjald	1.558.933	1,31	837.634	1,58	1.742.069
Heimayrnrnun	560.278	0,47	548.959	1,03	1.966.562
Neytenda- og jöfnunargjald	319.007	0,27		340.687	1,48
Verðjöfnun					
Samtals	19.879.950	16,76	19.302.784	23,88	10.132.194
					19,05
Reiknaður slátur- og heildsölu- kostnaður sbr. meðf.	16.707.551	11,925	7.718.449	2,547	19,477
Tap á þessum lið	3.172.399	7,377	2.413.745	978,632	6,226
Vöntun á heildarkostnaði í %	15,99	38,22	23,82	27,75	24,22

